

Nýtum sérstöðu smábátaflotans

Leiðari

Landssamband smábátaeigenda hefur í rúma þrjá áratugi staðið vörð um hagsmuni smábátaútgerðarinnar með miklum sóma. LS nýtur velvildar meðal almennings og flestir stjórnmálamenn skilja hversu mikilvægt er fyrir sjálfsvitund þjóðarinnar og sjálfbæra byggðastefnu að hafa öfluga smábátaútgerð hringinn í kringum landið.

En við höfum líka stjórnmálamenn sem virðast stýrast af skammsýnni sérhagsmunagæslu og hika ekki við að láta frá sér yfirlýsingar sem varpa glögglega ljósi á hverra hags þeir eru að gæta.

Fjármálaráðherra, Bjarni Benediktsson sagði í viðtali á Sprengisandi 25. september síðastliðinn: „að vera með 120 báta, vélar, karla og konur kannski líka, við að veiða það sem hægt

væri að veiða á einum línubát." Í framhaldi talaði hann um að auka framleiðni og „að fá eitthvað meira úr öllu puðinu hérna í þessu landi."

Veltum fyrir okkur fyrir hverju hann er að tala. Vill Bjarni meiri samþjöppun veiðiheimilda í minna kerfinu og að þessir 120 bátar fari í ferðamannabransann eða úreldingu?

Bjarni er í forsvari fyrir flokk sem kennir sig við einstaklingsframtakið. Ef eitthvað einkennir strandveiðarnar, þá er það framtak hvers og eins til að bjarga sér.



Axel Helgason *telur smábátaeigendur eiga sterk sóknarfæri á sölumörkuðum*

Á nýliðinni makrílvertíð sannaðist hvers smábátar eru megnugir. 49 bátar tóku þátt í veiðunum og aflinn varð tæp 9.000 tonn - að meðaltali 175 tonn á bát. 44% af þessum 9.000 tonnum voru aflaheimildir leigðar af þeim sem ákváðu að hefja ekki veiðar.

Það er ljóst að smábátaflotinn fékk ekki sanngjarnt tækifæri til að mynda aflareynslu áður en makríllinn var settur í kvóta. Nokkrir af þeim sem fengu hæstu úthlutanirnar telja sig ekki lengur eiga samleið með Landssambandinu. Það er miður. Í þeim hópi eru öflugir baráttumenn sem ættu að eiga áfram góða samleið með félaginu í baráttunni fyrir stærri hlutdeild smábátaflotans og því að skapa handfæraveiddum makríl sérstöðu á mörkuðum.

LS mun áfram berjast fyrir afnámi reglugerðar um kvótasetningu makríls og ávallt gæta að hagsmunum heildarinnar.

Ef félagið nær stærri hlutdeild í makrílnum munu margir bátar sem nú eru á strandveiðum kjósa að fara á makrílinn, sem myndi auka afkomumöguleika þeirra sem stunda strandveiðar.

Þegar þetta er ritað eru blikur á lofti í stjórnarmyndunarviðræðum. Fimm flokkar ræða málin. Nái þeir saman er ljóst að strandveiðar eiga hljómgrunn til að verða efldar, sé tekið mið af kosningaloforðum.

Við smábátaeigendur eru í góðum færum til að skapa okkur sérstöðu á mörkuðum. Samkvæmt nýlegri skýrslu MATÍS er sótspor smábátaveiðanna 1/3 af því sem það er við togveiðar.

Allt sem við smábátaeigendur þurfum að gera er að halda rétt á spilunum varðandi rekjanleika og hafa frumkvæði að því að afli okkar verði annars vegar seldur sem ókældur og hins vegar sem ísaður og vel kældur. Þá höfum við öll spil á hendi til að fá hærri verð.

Þetta mun gerast í samstarfi við þar til bæra vottunaraðila og fiskmarkaði.

Þó að vottanir hafa verið þyrnir í augum margra og þær hingað til leitt til samþjöppunar, til dæmis í grásleppuhrognaverkun, þá eru þær komnar til að vera. Við verðum því að nýta sérstöðu smábátaveiðanna í umhverfislegu tilliti. Þannig getum við unnið með vottunaraðilum og skapað hráefninu okkar sérstöðu.

Kæru félagar og velunnarar!

Ég hlakka til að vinna með og fyrir ykkur og óska ykkur og landsmönnum gleðilegrar jólahátíðar og farsældar á komandi árum.

Axel Helgason

formaður Landssambands smábátaeigenda